

## 18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þorsteinn Geirsson.*

**REGLUGERÐ****um loðnuveiðar íslenskra skipa 1999/2000.**

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 1999 til og með 1. maí 2000.

## 2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 1999/2000 er 575.850 lestir.

## 3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar tímabilið 16. ágúst - 15. september 1999. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildaraflla íslensku skipanna.

## 4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

## 5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Oheimilt er að dæla aflla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða annað veiðiskip eða flytja óvígtaðan aflla milli skipa með öðrum hætti. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann aflla sem er í nótinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu. Loðnuaflli skal ávallt skráður sem afli þess skip sem honum er landað úr.

## 6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

## 7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina, Markaðsstofa Austurlands.

## 1. gr.

Stofnunin heitir Markaðsstofa Austurlands, skammstafað MA. Heimili og varnarþing er á Seyðisfirði.

## 2. gr.

Stofnfé MA er kr. 500.000 - og má ekki skerða það að raungildi. Stofnféð kemur frá öllum sveitarfélögum á svæðinu frá Breiðdal til Bakkafjarðar og ferðapjónustufyrirtækjum á sama svæði en þessir aðilar eru jafnframt formlegir stofnendur MA.

## 3. gr.

Tilgangur Markaðsstofunnar er:

- Að byggja upp öflugan gagnabanka um hvaðeina er lýtur að þjónustu við ferðamenn, upplýsingar um opinbera þjónustu, viðskipti, alls konar viðburði á sviði menningar, skemmtana og afþreyingar og aðra þá starfsemi sem ástæða er til að kynna og markaðssetja fyrir ferðamönnum, íbúum landshlutans og öðrum þeim sem leita eftir upplýsingum um landshlutann.